

V/16.1

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA SAKBORNINGUR/GRUNADUR	R L S	
Skýrslu gerir	Arnar Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn	Mál nr.	006-2002-0086
Staður og stund:	Reykjavík 16. apríl 2003, kl. 10.10		
Sakarefni:	Ætluð umboðssvik og/eða brot á 104. gr. laga um hlutafélög og lögum um ársreikninga.		
Sakborningur/grunaður:	Linda Jóhannsdóttir	Kennitala:	120372-3789
Starf/staða:	aðstoðarframkvæmdastjóri sérvörusviðs Baugs-Íslands	Vinnusími:	693-5508
Lögheimili:	Miðstræti 5, 101 Reykjavík	Sími:	561-1239
Dvalarstaður:		Sími:	

Linda er mætt skv. boðun á skrifstofu efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjórans. Hún er með réttarstöðu sakbornings en rannsókn þessi beinist m.a. að því að upplýsa hvort Linda brotið ákvæði XXVI. kafla almennra hegningarlaga og/eða 104. gr. laga um hlutafélög en einnig ákvæði laga um ársreikninga.

Lindu er tjáð að henni beri ekki skylda til þess að svara spurningum sem varða það sem hún er sökuð um en jafnframt er brýnt fyrir henni að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Með Lindu er Steinar Þór Guðgeirsson, hdl., sem hún óskar eftir að verði tilnefndur verjandi hennar. Fyllt er út beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um skipun Steinars Þórs sem verjanda Lindu.

Linda mætti sem vitni til yfirheyrslu þann 1. apríl sl. þar sem hún var spurð, sem fjármálastjóri Baugs hf., um atriði tengd fjármálum og bókhaldi félagsins. Þar upplýsti hún að hún væri framkvæmdastjóri Dúks hf. og hefði þegið lán frá félaginu. Þar sem við það vaknaði grunur um að hún hefði brotið ofangreind lagaákvæði var réttarstöðu hennar breytt og frekari yfirheyrslu frestað þar til nú.



Við boðun var Lindu gert að hafa með sér gögn úr bókhaldi Dúks hf. Hún leggur fram eftirfarandi:

1. útprentun viðskiptareiknings hennar í bókhaldi Dúks hf.
2. fylgiskjal nr. 13 í bókhaldi Dúks sem sýnir millifærslu á kr. 1.500.000 inn á reikning hennar
3. útprentun fylgiskjals B-1610 sem sýnir færslu á stöðu viðskiptareiknings Lindu úr bókhaldi Dúks hf. inn í bókhald Baugs hf.

Lindu eru sýnt vottorð Hlutafélagaskrár um Dúk hf., útprentun dags. 26.04. 2002. Skv. því vottorði var Linda framkvæmdastjóri félagsins frá 19. júlí 2001 en stjórnarformaður og prókúruhafi ásamt Lindu var Tryggvi Jónsson.

Fyrir Lindu er einnig lagt vottorð Hlutafélagaskrár, útprentun dags. 15.04. 2003. Skv. því vottorði er Jón Scheving Thorsteinsson framkvæmdastjóri frá 19. desember 2002 en stjórnarformaður og prókúruhafi ásamt Jóni er Jón Ásgeir Jóhannesson.

Linda er spurð hvort þessi vottorð gefi réttar upplýsingar um stjórn og framkvæmdastjórn Dúks hf.

07350

Hún segir vottorðin gefa réttar upplýsingar, hún segist hafa verið skráður framkvæmdastjóri og prókúruhafi hjá Hagstofu Íslands fyrir Dúk hf.

Linda er beðin að gera grein fyrir starfsemi hlutafélagsins Dúks, hlutverki sínu og starfi hjá því félagi.

Linda segir að hún sé ekki starfsmaður Dúks hf. eða starfandi framkvæmdastjóri Dúks hf. heldur sé hún starfsmaður Baugs hf. Hún segir að þegar Baugur hf. var stofnað árið 1998 varð Dúkur hf. hluti af Baugssamstæðunni þar sem Hagkaup hf. hafði áður átt Dúk hf. Linda segir að sér hafi verið falið sem fjármálastjóra Baugs að vera skráður framkvæmdastóra Dúks hf. Eitt af hennar hlutverkum sem fjármálastjóri Baugs hf. hafi verið að færa bókhald Dúks hf.. Linda segir að starfsemi félagsins hafi að mestu verið rekstur einnar fasteignar, Skeifunnar 13 og hún hafi einu sinni í mánuði sent út reikninga fyrir leigugjöldum og fært það í bókhaldi Dúks hf.

Linda er beðin að gera grein fyrir láni sem hún þáði hjá Dúki hf. þann 17. mars 1999.

Linda segir að hún hafi gert munnlegan starfssamning um starf sitt hjá Baugi við Tryggva Jónsson, aðstoðarforstjóra, en í þeim samningi hafi verið ákvæði um að hún nyti bifreiðahlunninda. Linda segist ekki muna nákvæmlega hvernig það ákvæði hljóðaði í samningi hennar við Baug hf. en um hafi verið að ræða sambærilegt ákvæði og aðrir stjórnendur sem nutu bifreiðahlunninda höfðu. Linda segir að til þess að uppfylla þetta ákvæði í starfssamningi hennar við Baug hafi Tryggvi tekið ákvörðun um að fara þá leið að lána henni frá Dúki hf. til bifreiðakaupa og hún segist hafa ráðstafað lánsfjárhæðinni í kaup á eigin bifreið sem hún hafi m.a. notað í sínu starfi. Hún segist ekki muna hvers vegna Dúkur hf. veitti lánið en ekki Baugur hf. Linda segist undirstrika að samningur hennar hafi verið við Baug hf. og Tryggvi Jónsson hafi alfarið tekið ákvörðun um að fara þessa leið en hún hafi ekkert komið að þeirri ákvörðun.

Linda er spurð um lánskjör og tryggingar.

Hún segir að ekki hafi verið um tryggingu að ræða en reiknaðir hafi verið 10% vextir á lánið þegar málið var gert upp en frá því hafi verið gengið þannig að Baugur hf. keypti bifreiðina af henni á kr. 2.000.000 þann 29.10. 2002. Linda leggur fram afsal vegna kaupa Baugs á bifreiðinni PO-489 dags. 29.10. 2002 – færsluskjal vegna fylgiskjals L-1648 þar sem fram kemur að kr. 500.000 eru færðar á “lán til framkvæmdastjóra” vegna þessara viðskipta – og eyðublað með vaxtaútreikningi þar sem fram koma reiknaðir vextir á endurgreiðslu lánsins.

Linda er spurð hvort henni hafi verið ókunnugt um að lánveiting þessi gæti verið óheimil m.t.t. þess að hún sjálf var/er framkvæmdastjóri félagsins.

Hún segir að það hafi aldrei verið spurning í sínum huga að um heimila lánveitingu hafi verið að ræða.

Linda er spurð hvort henni hafi verið kunnug ákvæði 104. gr. laga um hlutafélög.

Hún segir að henni hafi ekki verið kunnugt um þau ákvæði á þeim tíma sem þessi lánveiting var framkvæmd og hún ekki vitað af henni fyrr en við síðustu yfirheyrslu hér þann 1. apríl sl.

Linda er spurð hvort aðrir af stjórnendum Dúks hf. hafi fengið lán hjá félaginu.

Nei.

Linda segir að hún vilji áréttta að hún telji sig aldrei hafa þegið lán frá Dúki hf. heldur Baugi hf.

Lindu er þá bent á að fyrir liggi gögn úr bókhaldi Dúks hf. þar sem virðist koma skýrt fram að henni var veitt lán frá Dúki hf., hún hafi verið skráður framkvæmdastjóri þess félags og að auki fært bókhald félagsins. Hún er í því ljósi spurð hvort henni hafi ekki verið kunnugt um að hún var að móttaka lánveitingu frá hlutafélaginu Dúki hf.

Linda segir að hún vísi í svör sín hér á undan varðandi þessa lánveitingu.

Lindu er tjáð að nú verði hún spurð um lánveitingar til stjórnenda og hluthafa Baugs hf., sem til stóð að spyrja hana um í yfirheyrslu þann 1. apríl sl.

Tölvupóstar og haldlögð gögn á netþjóni Baugs hf.:

Eins og í síðustu yfirheyrslu liggja eftirfarandi útprentanir á tölvupóstsamskiptum fyrir.

Póstur frá Lindu til TJ og JÁJ dags. 01.10. 1999
 Póstur frá JÁJ til Lindu dags. 02.10. 1999
 Póstur frá Lindu til TJ dags. 02.10. 1999
 Póstur frá JÁJ til Lindu og TJ dags. 07.11. 1999
 Skjal "viðskiptam 1999" dags. 21.02. 2000
 Póstur frá Tryggva (TJ) til Lindu dags. 29.02. 2000
 Skjal "aðalskrifstofa 2000" dags. 04.04. 2000
 Póstur frá Lindu til TJ dags. 02.05. 2000
 Póstur frá TJ til Lindu dags. 03.05. 2000
 Skjal "viðskiptamoglanadr" dags. 04.08. 2000
 Póstur frá TJ til Lindu dags. 03.11. 2000
 Póstur frá Lindu til JÁJ og TJ dags. 09.01. 2001
 Póstur frá TJ til Lindu dags. 10.01. 2001
 Póstur frá Lindu til TJ dags. 10.01. 2001
 Skjal "ýmsir lykjar2000" dags. 07.03. 2001
 Skjal "hlutafjaukning 130101" dags. 25.06. 2001
 Póstur frá Lindu til TJ dags. 14.08. 2001
 Póstur frá Lindu til TJ og JÁJ dags. 14.08. 2001
 Skjal "viðskiptamenn-lanadrottnar" dags. 14.08. 2001
 Póstur frá TJ til Lindu dags. 23.08. 2001

Lán til starfsmanna og stjórnenda Baugs til hlutabréfakaupa:

Vísað er í tölvupósta frá árinu 1999. Linda er beðin að gera grein fyrir því með hvaða hætti stjórnendur og aðrir starfsmenn Baugs hf. fengu lán til hlutabréfakaupa í félaginu sjálfu.

Linda segir að þau viðskipti sem vísað er til í tölvupóstunum frá 1999 hafi ekki átt sér stað verðandi Andra. Hún segist telja að Finnur hafi gert hlutabréfaviðskiptin. Linda segir að þegar þetta átti sér stað hafi stjórn ekki verið búin að gera og samþykkja kaupréttaráætlun, sem gerð var árið 2000, þannig að hún hafi óskað eftir leiðbeiningum og ákvörðunum frá yfirmönnum sínum varðandi fyrrgreindar lánveitingar til Andra og Finns.

Linda er spurð hvort veitt hafi verið lán til starfsmanna, stjórnenda og/eða hluthafa til hlutafjárkaupa í félaginu, utan kaupréttaráætlunarinnar og kaupréttarsamninga.

Hún segir að það hafi verið gert í tengslum við það þegar Baugur hf. fór á markað í apríl 1999 en þá hafi starfsmönnum verið boðið að kaupa hlutafé að markaðsvirði kr. 100.000 sem síðan var dregið af launum þeirra. Fyrrgreindar vangaveltur hennar um Andra hafi örugglega verið vegna þess að hann byrjaði hjá

félaginu síðar og voru ekki inni í þeim hópi sem nýtti sér hlutabréfakaupin í framhaldi af útboði þegar félagið fór á markað.

Linda segist ekki hafa nýtt sér kauprétt skv. kaupréttarsamningi sem gerður var við hana vorið 2001 og því ekki þekkja framkvæmdina. Hún segir að stjórn félagsins hafi gert þessa samninga við starfsmenn og framkvæmdin því ekki í höndum hennar sem fjármálastjóra.

Linda er spurð hvort henni sé kunnugt um að stjórnendum og/eða hluthöfum hafi verið veitt lán til hlutabréfakaupa í Baugi hf. eftir að stjórn hafi gengið frá fyrrgreindri kaupréttaráætlun, sem ekki voru gerðir kaupréttarsamningar um.

Linda segir að fyrir utan þessa kaupréttarsamninga hafi verið gerðir samingar um lánveitingar til hlutabréfakaupa í Baugi hf. við stjórnendur og svokallaða lykilmenn í félaginu. Hún segist hafa gert einn slíkan samning á árinu 2001 um 3ja milljóna lán frá Baugi hf.. Um hafi verið að ræða kaup á hlutabréfum af Baugi hf. í félaginu og hún hafi undirritað skuldabréf til tveggja ára og veð í bréfunum sjálfum.

Linda er spurð hver/hverjir hafi tekið ákvarðanir um slíkar lánveitingar.

Hún segir að hennar yfirmaður, Tryggvi Jónsson, hafi gengið frá þessu við hana og gert samninginn.

Fyrir Lindu er lagt skjalið "*hlutafj.aukning13.01.01.xls*" dags. 25.06. 2001 svo og skjalið "*viðskiptamen-lanadrottmar.xls*" dags. 14.08. 2001 og tölvupóstur hennar til TJ og JAJ dags. 14.08. 2001. Í þessum skjölum og pósti kemur greinilega fram að hún hefur tekið saman hverjir eiga enn eftir að greiða hlutafé sem þeir keyptu í hlutafjárútkningu nokkru fyrir:

Fjárfar ehf,
Gaumur ehf,
Jóhannes Jónsson,
Jón Ásgeir Jóhannesson,
Kristín Jóhannesdóttir.

Í fyrrgreindum tölvupósti þann 14.08. 2001 er Linda að senda forstjóra og aðstoðarforstjóra athugasemdir og spurningar varðandi 6 mánaða uppgjörBaugis hf. með beiðni um að "klára þessi mál."

Linda segir að um sé að ræða gögn vegna 6 mánaða uppgjörs. Hún hafi ekki verið að setja út á þessa stöðu vegna þess að eitthvað væri athugasemdir við viðskiptin sem fjallað er um í skjölunum heldur að þarna voru útistandandi kröfur. Linda segist aðspurð aldrei hafa gert athugasemdir við yfirmenn sína varðandi þessi tilteknu viðskipti í þá átt að þau væru óeðlileg eða óheimil.

Linda er spurð hvort fyrrgreindir aðilar, þ.e. þeir sem skulduðu vegna hlutafjárútkboðsins í Íslandsbanka, hafi lagt fram tryggingar fyrir lánveitingum sínum vegna þessara hlutafjárkaupa eða hvort einhverjir samningar hafi legið fyrir við þá um þessar lánveitingar.

Hún segist ekki vita hvort settar hafi verið fram tryggingar og ekki vita hvort gerðir hafi verið samningar við skuldarana um greiðslur eða kjör.

Linda er spurð hvers vegna Fjárfar ehf, Gaumur ehf., Jóhannes, Kristín og Jón Ásgeir hafi ekki greitt sitt hlutafé eins og aðrir sem keyptu hlutafé við hlutafjárútkninguna í desember 2000.

Hún segist ekki hafa skýringar á því.

Linda er spurð hvaða innheimtuaðgerðir hafi átt sér stað varðandi þessar kröfur fyrrgreindra aðila.

Hún segir að af sinni hálfu hafi ekki farið fram aðrar innheimtuaðgerðir en þær sem fram koma í tölvupóstunum í janúar á milli hennar og TJ/JÁJ. Þar hafi Tryggvi tekið málið að sér og hún ekki aðhafst frekar í því.

Hún er spurð hvort hún viti hvaða hugmynda Tryggvi er að vísa til í tölvupóstinum dags. 10. janúar 2001 til hennar, sem hann segir JÁJ hafa verið að viðra við sig deginum áður.

Hún segist ekki vita það.

Gert er matarhlé kl. 12.10.
Yfirheyrslu haldið áfram kl. 12.45.

**Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf. 07.07. 1998 til 03.06. 2002
stjórnarformaður frá 03.06. 2002 -**

Staða viðskiptareiknings Jóns Ásgeirs var eftirfarandi þann 28.08. 2002:

31.12. 1998	221.298
31.12. 1999	7.048.346
31.12. 2000	19.537.582
28.02. 2002	67.218.559
28.08. 2002	72.914.730

Linda er beðin að gera grein fyrir því hvað hafi ráðið því að kostnaður var færður á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Hún segir að þegar fylgiskjöl eða fullnægjandi útskýringar hafi vantað eða þegar um kostnað var að ræða sem ekki tengdist félaginu, hafi það verið fært á viðskiptareikning. Linda segir nánar um þetta að reglan hafi verið sú að bókanir í bókhaldinu hafi ekki verið gerðar nema skv. fyrirbyggjandi reikningum eða fullnægjandi bókhaldsgögnum.

Linda er spurð hver hafi tekið ákvarðanir um að færa kostnað á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Hún segir að engin formleg ákvörðun hafi verið tekin um fyrrgreint heldur hafi það gerst í hvert sinn að teknar voru ákvarðanir um það hvað var gjaldfært og hvað fært á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs.

Lindu er bent á að endurskoðendur RLS hafi skipt hreyfingum á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs í fjóra megin flokka:

Endurgreiddir reikningar	kr. 9.044.743
Greiddir greiðslukortareikningar	kr. 29.103.513
Beinar lánveitingar	kr. 14.800.000
Lánveiting vegna hlutabréfakaupa	kr. 17.039.530

Fyrir liggja sundurliðanir sem fylgja skýrslu endurskoðenda RLS á bak við hvern lið fyrir sig – sjá tilvísun A-01 og áfram.

Hún er fyrst spurð um lið 1 - reikninga sem Jóni Ásgeiri voru endurgreiddir. Hún er beðin að gera grein fyrir því hvernig það hafi komið til að reikningar sem Jón Ásgeir framvísaði voru greiddir en kostnaðurinn færður á viðskiptareikning hans hjá Baugi hf.

Hún er beðin að yfirfara það sem fram kemur í skýrslu endurskoðenda RLS á bls. 12-13 vegna árána 1999 og 2000. Linda yfirfer undirgögn/fylgiskjöl á bak við færslur sem eiga við þennan lið.

Árið 1999 á bls. 12:

- a) einkakostnaður JÁJ
- b) einkakostnaður JÁJ
- c) veit ekki, en ástæða þess að fært er á viðskiptareikning er að vantað hefur fullnægjandi fskj. eða skýringar
- d) veit ekki, en ástæða þess að fært er á viðskiptareikning er að vantað hefur fullnægjandi fskj. eða skýringar
- e) veit ekki, en ástæða þess að fært er á viðskiptareikning er að vantað hefur fullnægjandi fskj. eða skýringar
- f) veit ekki, en ástæða þess að fært er á viðskiptareikning er að vantað hefur fullnægjandi fskj. eða skýringar

Árið 2000 á bls. 13:

- a) einkakostnaður JÁJ
- b) greiðsla frá JÁJ inn á reikning Baugs
- c) einkakostnaður JÁJ
- d) Linda færir á viðsk.reikn þar sem ófullnægjandi fskj og veit ekki um ástæðu reiknings
- e) veit ekki, en ástæða þess að fært er á viðskiptareikning er að vantað hefur fullnægjandi fskj. eða skýringar
- f) veit ekki ástæðu þess að þessi kostn. fór á viðskiptareikninginn
- g) veit ekki ástæðu þess að þessi kostn. fór á viðskiptareikninginn
- h) veit ekki ástæðu þess að þessi kostn. fór á viðskiptareikninginn, greinilega reikningur á JÁJ vegna kostnaðar JÁJ
- i) einkakostnaður – flutningur í hans heimahús
- j) einkakostnaður
- k) veit ekki ástæðu þess að þessi kostn. fór á viðskiptareikninginn
- l) veit ekki ástæðu þess að þessi kostn. fór á viðskiptareikninginn
- m) JÁJ áritar að færa eigi á viðskiptareikning – persónuleg úttekt

Árið 2001:

- a) einkakostnaður
- b) veit ekki ástæðu þess að þessi kostn. fór á viðskiptareikninginn
- c) sjálfvirk skuldfærsla Master Card sem hefur verið færð í heilu lagi á viðskiptareikning JÁJ en síðar hafa væntanlega komið reikningar á móti

Eftir þetta segist Linda vera hætt störfum sem fjármálastjóri Baugs hf.

Linda segir að ekkert hafi verið gjaldfært nema skv. áritun á fskj frá Tryggva eða Jóni Ásgeir. Þegar kostnaður var færður á viðskiptareikninginn hafi annað hvort hún sjálf eða Jón Ásgeir ákveðið að viðkomandi kostnaður var færður á viðskiptareikning hans.

Linda er spurð hvort hún hafi aldrei gert athugasemdir við að þessi kostnaður var greiddur fyrir Jón Ásgeir.

Hún segir að hún hafi rætt það við Jón Ásgeir að betra væri að reikningar færu strax á rétta staði, að reikningar sem tilheyrðu Baugi bærust félaginu en persónulegir reikningar bærust til hans en ekki félagsins.

Um er að ræða kostnað sem færður er á viðskiptareikning Jóns Ásgeir allt frá janúar 1999. Hvernig má það vera að þessi staða er látin standa á viðskiptareikningi Jóns Ásgeirs allt frá þessum tíma en síðan eru liðin a.m.k. þrjú reikningsár og –uppgjör.

Linda bendir á að greiðslur til Jóns Ásgeirs hafi stundum verið færðar á viðskiptareikninginn hans, s.s. dagpeningagreiðslur, sem hafi þá komið á móti skuld hans.

Linda er þá spurð um lið nr. 2 – greiðslur á greiðslukortareikningum Jóns Ásgeirs. Hún er fyrst spurð hver sé ástæða þess að fylgiskjölin í bókhaldinu eru bókunarbeiðnir en ekki greiðslukortareikningarnir sjálfir eða kortayfirlit.

Linda segir að ritarar forstjóranna hafi séð um að taka saman reikninga og kvittanir hjá þeim og bera saman við greiðslukortayfirlitin. Þeir hafi síðan skilað samþykktu bókunarblaði til fjármáladeildarinnar. Þar kom fram hvaða hluti greiðslukortareikningsins átti að gjaldfærast og hvaða hluti á viðkomandi viðskiptareiknings. Reglan hafi verið sú að þegar reikningar eða fylgiskjöl vantaði á bak við færslur á greiðslukortayfirlitin var sá kostnaður færður á viðskiptareikningsins.

Linda er beðin að gera grein fyrir því með hvaða hætti risna Jóns Ásgeirs var greidd, skráð og færð í bókhaldi Baugs hf.

Linda segir að fyrir hafi legið skriflegar reglur frá KPMG endurskoðendum varðandi risnukostnað og skráningu risnu. Eftir þeim reglum hafi verið farið. Sá kostnaður sem færðist á viðskiptareikning Jóns Ásgeirs hafi þá ekki verið kostnaður sem unnt var að færa á risnu, annað hvort ekki átt heima á risnukostnaði eða gögn ekki legið fyrir. Linda segir að bókararnir hjá Baugi hf. hafi skráð risnuna.

Linda er þá spurð um lið 3 – beinar lánveitingar til Jóns Ásgeirs. Skv. bókhaldi Baugs og skýrslu endurskoðenda RLS er um að ræða beinar lánveitingar samtals að fjárhæð kr. 14.800.000 frá árinu 1999til 28. ágúst 2002. Frammi liggur skýrsla endurskoðenda RLS og tilvísuð gögn í skýrslunni m.a. sundurliðunarlistar og fylgiskjöl sem varða hverja færslu.

Linda er beðin að gera grein fyrir hverri lánveitingu fyrir sig en flett er upp fylgiskjölum á bak við færslurnar:

Kr. 1.100.000 dags. 2. júní 1999:

Linda segist ekki vita hvað þetta er en hún segist hafa ritað fylgiskjalið. Hún segir Jón Ásgeir hafa beðið um þetta, sjái það á skjalinu.

Kr. 3.000.000 dags. 14. september 2000:

Linda segist ekki vita hvað þetta er.

Kr. 4.000.000 dags. 3. október 2000:

Lindu er tjáð að Jón Ásgeir hafi greint frá því að um launauppbót væri að ræða. Linda segist ekki vita um það og geti ekki svarað þessu.

Linda er spurð hvernig þetta hefði verið fært væri um launauppbót til Jóns Ásgeirs að ræða. Hún segir að til greina komi að fyrirframgreidd laun séu færð á viðskiptareikning viðkomandi. Einnig komi til greina að færa slíkar greiðslur á lykilinn "fyrirframgreidd laun".

Kr. 6.000.000 dags. 18. maí 2001:

Linda segist ekki vita hvað þetta er.

Linda er þá spurð um lið 4 – lánveiting vegna hlutabréfakaupa:

Um er að ræða kaup Jóns Ásgeirs á hlutabréfum að fjárhæð kr.17.039.530 þann 13. febrúar 2001. Lánið hefur ekki verið endurgreitt en arðgreiðsla til Jóns Ásgeirs að fjárhæð kr. 1.790.442 var færð á móti þessu láni.

Linda er spurð hvort þessi lánveiting sé gerð á grundvelli samþykktar stjórnenda, stjórnar eða samnings um hlutabréfakaup Jóns Ásgeirs – skv. kaupréttaráætlun og –samningi.

Hún segist ekki vita hvort svo sé.

Hver tók ákvörðun um að lána þessa fjármuni eða að innheimta þá ekki?

Hún segist ekki geta svarað því.

Linda er spurð hvaða kjör hafi gilt um þetta lán, þ.m.t. vaxtakjör, endurgreiðslur o.s.frv.

Hún segist ekki vita það.

Voru útbúin einhver skjöl um þessa lánveitingu.

Hún segist ekki vita um það.

Ingibjörg Pálmadóttir, sambýliskona Jóns Ásgeirs Jóhannessonar:

Á viðskiptareikning Ingibjargar í bókhaldi Baugs hf. hefur verið færður útlagður kostnaður vegna baðtækja þann 1. september 2000 kr. 456.265. (Sjá skýrslu endurskoðenda RLS dags. 31.03. 2003 og tilv. A-09). Linda er beðin að gera grein fyrir þessari greiðslu og hvernig á því standi að baðtækin eru greidd úr sjóði Baugs hf.

Linda segist ekki muna eftir þessu en bendir á að Jón Ásgeir áritar reikninginn.

Af bókhaldi Baugs hf. – viðskiptareikningi Ingibjargar Pálmadóttur – má sjá að þetta lán er greitt með því að Baugur hf. gefur út kreditreikning á Ingibjörgu dags. 3. nóvember 2000 vegna tölvuviðskipta fyrir nákvæmlega sömu fjárhæð. Linda er beðin að gera grein fyrir þessum viðskiptum og hvaða tölva það er sem Baugur virðist hafa keypt af Ingibjörgu.

Linda segist ekki muna eftir þessu máli og ekki kannast við þá tölvu sem keypt hefur verið af Ingibjörgu.

Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.:

Frammi liggja fyrrgreind gögn úr bókhaldi Baugs, skýrsla endurskoðanda RLS ásamt fylgigögnum – sjá tilvísun A-11 í skýrslunni.

Hún er spurð hvort hún hafi litið þannig á að lánveitingar til Gaums vegna hlutafjárkaupaa hafi verið heimilar.

Linda segir að mikil viðskipti hafi verið á milli þessara félaga og hún muni ekki eftir neinni lánveitingu til Gaums ehf. sem hafi verið óeðlileg.

Linda er spurð hvort hún hafi gert athugasemdir við lánveitingar til Gaums og þá beðin að gera grein fyrir þeim athugasemdum.

Hún vísar í svör við sambærilegri spurningu framar í skýrslunni.

Lindu er kynnt að endurskoðendur RLS hafi skipt lánveitingum til Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. í fjóra megin flokka, sbr. skýrsla þeirra:

1. Ógreiddir reikningar sem Baugur hefur sent Gaumi
2. Beinar lánveitingar/peningagreiðslur
3. Lánveitingar vegna hlutabréfakaupa Gaums í Baugi Group hf.
4. Útlagður kostnaður Baugs fyrir Gaum

Liður 1 – ógreiddir reikningar:

Vísað er í töflu í skýrslu endurskoðanda RLS í kafla sem varðar Gaum í tölulið 1 og tilvísuð gögn í tövlunni, sjá A-11.6.1 og 11.6.2.

Vakin er athygli hennar á því að árið 1998 greiðir Gaumur næri alla reikninga sem Baugur sendir þangað. Árið 1999 sendir Baugur reikninga á Gaum að fjárhæð kr. 21.253.655 en Gaumur greiðir aðeins kr. 5.645.224 þannig að skuldin á þessum lið um áramót er 15.608.431. Árið 2000 sendir Baugur reikninga á Gaum að fjárhæð kr. 44.705.241 en Gaumur greiðir aðeins kr. 11.078.310 þannig að þann 31.12. 2000 á Gaumur ógreidda reikninga frá Baugi að fjárhæð kr. 33.626.931. Árið 2001 sendir Baugur reikninga á Gaum samtals að fjárhæð kr. 1.293.376 sem allt er ógreitt.

Samtals hefur Baugur þannig sent reikninga á Gaum á tímabilinu 1998 til 2002 að fjárhæð kr. 80.263.661 en Gaumur greitt samtals 29.333.493. Mismunurinn á þessum lið sem varðar ógreidda reikninga frá Baugi á þessu tímabili er kr. 50.930.168.

Linda er sérstaklega beðin að gera grein fyrir reikningum dags. 31.12. 2000:

“launakostnaður árið 2000” 15.000.000

“kostnaður yfirstjórnar” 15.000.000

Linda er spurð hvað hér sé verið að rukka fyrir og hvaða gögn hafi legið til grundvallar þessum reikningum. Hún er jafnframt spurð hvaða launakostnað og kostnað yfirstjórnar sé verið að rukka Gaum fyrir.

Linda segir Jón Ásgeir hafa tekið ákvörðun um fjárhæðir á reikningunum. Hún segist ekki hafa komið nálægt útreikningum þessara fjárhæða og segist ekki hafa séð gögn sem Jón Ásgeir lagði til grundvallar

Þessum fjárhæðum. Linda segist muna eftir því að hafa reiknað út fjárhæðirnar sem settar voru á sambærilega reikninga fyrir árið á undan. Þar hafi legið gögn á bak við reikningsfjárhæðirnar.

Séu þessir reikningar fyrir raunverulegt vinnuframlag og aðra þátttöku Gaums ehf í raunverulegum kostnaði Baugs hf. hvernig stendur þá á því að reikningarnir voru ekki innheimtir hjá Gaumi ehf. en um er að ræða reikninga vegna ársins 2000 ?

Hún segist ekki geta svarað því.

Linda er spurð hvort einhverjar ákvarðanir hafi verið teknar um að innheimta ekki þessar kröfur og þá hver/hverir hafi tekið þær.

Hún segist ekki þekkja þetta mál og ekki vita um slíkar ákvarðanir.

Linda er spurð hver sé ástæða þess að reikningarnir að fjárhæð kr. 15.000.000 á Gaum eru án virðisaukaskatts.

Hún segist ekki vera viss um að slíkir reikningar eigi að vera með virðisaukaskatti.

Liður 2 – beinar lánveitingar – formlegar og óformlegar:

Vísað er í samantekt endurskoðenda RLS og tilvísuð gögn A-11.6.3 og 11.6.4. Baugur hefur lánað Fjárfestingafélaginu Gaumi ehf. með beinum peningagreiðslum á tímabilinu 5. ágúst 1999 til 18. maí 2001:

Árið 1999	kr. 277.500.000
Árið 2000	kr. 60.000.000
Árið 2001	kr. 100.000.000
Samtals	<u>kr. 437.500.000</u>

Á sama tímabili hefur Gaumur endurgreitt samtals kr. 315.000.000.

Linda er spurð hvernig og hver/hverjir hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og í hvaða tilgangi það hafi verið gert.

Jón Ásgeir og Tryggvi.

Hún er beðin að gera grein fyrir sinni aðkomu að þessum lánveitingum, ákvörðunum, framkvæmd, meðferð gagna, færslum í bókhaldi og endurgreiðslum.

Hún segist ekki hafa komið að þessu að öðru leyti en því að hún hafi bókað. Hún segist ekki hafa komið að ákvörðunum um lánveitingarnar sjálfar, endurgreiðslurnar eða kjör.

Liður 3 – lán til hlutabréfakaupa:

Lindu er kynnt niðurstaða endurskoðenda RLS í skýrslu þeirra sem varðar lán Baugs til Gaums til hlutafjárkaupa í Baugi. Fyrir liggja tilvísuð undirgögn.

Þann 13. febrúar 2001 lánar Baugur Gaumi kr. 340.529.987 til hlutabréfakaupi í Baugi. Sama dag endurgreiddi Gaumur kr. 290.000.000. Eftir stóðu því kr. 50.529.987. Áður, eða þann 5. september 2000, hafði Gaumur fengið arð að fjárhæð kr. 14.931.710 sem var ógreiddur og færðist á móti lánuinu.

Þann 13. febrúar voru því ógreiddar kr. 35.328.277 af þessu láni. Þann 5. júlí 2001 fékk síðan Gaumur arðgreiðslu sem færð var á móti láninu.

Linda er spurð hvaða ákvarðanir hafi verið teknar um þessa lánveitingu og færslurnar á móti henni í bókhaldi Baugs.

Linda segist ekki geta tjáð sig um þessi viðskipti að öðru leyti en því sem hún hefur greint frá fyrr í yfirheyrslunni.

Liður 4 – aðrar lánveitingar vegna ýmiss kostnaðar:

Lindu er kynnt niðurstaða endurskoðenda RLS í skýrslu þeirra ásamt tilvísuðum gögnum þar.

Niðurstaða endurskoðenda RLS er að samtals hafi Baugur lánað Gaumi árin 1999, 2000, 2002 og til 28.08. 2002 kr. 53.156.637 í formi þess að leggja út fyrir kostnaði Gaums (nettó - umfram endurgreiðslur Gaums).

Linda er spurð hvers vegna Baugur hafi verið að greiða þennan kostnað fyrir Gaum og hver hafi tekið ákvarðanir um að gera það.

Linda segist ekki geta tjáð sig almennt um þennan lið en á milli félaganna hafi verið ýmiss konar viðskipti.

Kaupþing hf.

Lindu er kynnt að þann 28. ágúst 2002 hafi staða viðskiptareiknings Kaupþings hf. í bókhaldi Baugs hf. verið kr. 204.066.853. Kaupþing hf. er einn af stærstu hluthöfum Baugs hf.

Linda er beðin að gera grein fyrir hlutafjárkaupum Kaupþings hf. í Baugi hf. að fjárhæð kr. 330.764.000 sem færð voru á viðskiptareikninginn 30. júní 1999 en greiðsla að fjárhæð kr. 165.382.000 var færð á reikninginn þann 7. júlí 1999. Mismunurinn, kr. 165.382.000 virðist því hafa verið lánaður Kaupþingi hf. Linda er beðin að gera grein fyrir þessum viðskiptum.

Linda segir að í útboði í apríl 1999 hafi Baugur hf. keypt 5% hlut í félaginu. Félagið sjálft hafi haldið eftir 1% en selt 4% til Kaupþings hf. Linda segir að skv. hreyfingalista úr bókhaldi Baugs hf. sem henni er kynntur hafi Kaupþing hf. keypt þann 30.06.99 fyrir samtals kr. 330.764.000 en fengið greiðslu að fjárhæð kr. 165.382.000 þann 07.07. 1999. Hún segist hafa fært þessi viðskipti á þennan hátt skv. beiðni Tryggva Jónssonar. Hún segir að henni sé ókunnugt um það hvers vegna Kaupþing hf. greiddi ekki alla fjárhæðina.

Linda er spurð hver hafi gengið frá þessum viðskiptum og tekið ákvörðun um þessa lánveitingu.

Hún segist ekki vita hvernig staðið var að viðskiptunum sjálfum en Tryggvi hafi tekið ákvörðun um bókunina.

Hún er spurð hvort hún hafi gert athugasemdir við þessa lánveitingu.

Hún segist ekki hafa gert athugasemdir við það, það hafi verið í höndum Tryggva.

Hún er spurð hvort hún hafi gert ráðstafanir til þess að innheimta þessa kröfu.

Hún segist ekki hafa gert það.

Hvers vegna ekki?

Hún segir að þessi viðskipti hafi ekki verið á hennar ábyrgð, þetta hafi verið á höndum Tryggva.

Fjárfar ehf.

Linda er spurð hvort henni sé kunnugt um það hvort Fjárfar ehf. tengist á einhvern hátt Baugi Group hf. eða aðaleigendum Baugs.

Linda segir að hún viti ekki hverjir eru eigendur Fjárfars ehf. en hún telji að forsvarsmaður félagsins sé lögmaður, sem hún segist ekki muna hver er.

Lindu er kynntur kafli 3.2 í skýrslu endurskoðenda RLS varðandi lánveitingar til Fjárfars ehf. og undirgögn kaflans – sjá A-12.

Hún er beðin að gera grein fyrir lánveitingum Baugs til Fjárfars vegna hlutabréfakaupa í Baugi:

þann 16. maí 2000	kr. 64.500.000
þann 30. júní 2000	kr. 50.000.000
þann 13. febrúar 2001	kr. 85.758.591.

Hún segir að

Skv. bókhaldi Baugs voru viðskiptin með hlutabréfin í Baugi.net bakfærð þann 21. febrúar 2002. Linda er beðin að skýra þessa bakfærslu nærri tveimur árum síðar.

Linda segist ekki muna þessi viðskipti.

Vextir voru ekki reiknaðir á skuld Fjárfars að undanskildu tímabilinu frá júlí 2000 til 30. júní 2001. Hún er spurð hvers vegna það hafi ekki verið gert.

Hún segist ekki geta svarað þessu.

Linda er spurð hver hafi tekið ákvarðanir um þessar lánveitingar og á hvaða forsendum þær hafi verið gerðar.

Hún segist hafa snúið sér til Tryggva Jónssonar þegar hún var að spyrjast fyrir um þessar kröfur. Hún segist ekki muna hvaða svör Tryggvi gaf henni.

Sérgreining lánveitinga til stjórnenda og hluthafa í ársreikningum og árs hlutareikningum:

Linda er spurð hvers vegna lánveitinga til stjórnenda og hluthafa hafi ekki verið getið í ársreikningum Baugs eða skýrslu stjórnar.

Hún segist ekki geta svarað því. Hún segist ekki hafa tekið þátt í umfjöllun um það að slíkra lánveitinga ætti að geta í ársreikningum og þá af hverju þeirra væri ekki getið þar.

Jón Gerald Sullenberger, framkvæmdastjóri Nordica:

Linda er beðin að gera grein fyrir lánveitingu til Jóns Gerald's að fjárhæð kr. 4.350.000 vegna hlutafjárkaupa í Baugi. Vísað er til kafla 3.3. í skýrslu endurskoðenda RLS og tilvísaðra gagna þar.

Hún er spurð hver hafi tekið ákvörðun um þá lánveitingu.

Linda segist ekki vita hvers vegna Jón Gerald Sullenberger hafi fengið lán til hlutafjárkaupa. Hún segist vita að Tryggvi Jónsson samdi við Jón Gerald og Tryggvi hafi gefið sér upp fjárhæðir og frágang viðskiptanna, s.s. vaxtakjör ofl. Hún segist ekki hafa séð samning um þessi viðskipti en aðeins fengið munnleg skilaboð frá Tryggva um þau. Hún segist ekki vita hvað var samið um lán í langan tíma en bréfin sjálf hafi verið að handveði.

Linda er spurð hvort hún hafi talið að hér væri um lögmæta lánveitingu að ræða og hvort hún hafi gert athugasemdir við lánveitinguna.

Hún segist ekki hafa gert athugasemdir við þetta.

Yfirheyrslu lauk kl. 1520.

Upplesið staðfest rétt eftir haft:



Viðstaddur yfirheyrslu.



Skýrsluna skráði:

